

Ár 2012, fimmtudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna**

#### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Lánasjóður íslenskra námsmanna er ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 21/1992. Heyrir því undir kjararáð að ákveða laun framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

#### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 24. maí 2011 frá framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Í bréfinu er í fyrsta lagi farið fram á afturköllun launalækkunar frá árinu 2009 sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Í öðru lagi var með bréfinu gerð grein fyrir auknu umfangi í starfsemi sjóðsins á undanförunum árum. Í ljósi þessa óskaði framkvæmdastjórinn endurskoðunar á launakjörum sínum.

Í bréfinu kemur fram að í lok árs 2010 hafi heildarstaða útlánasafns LÍN verið tæpir 150 milljarðar og stefni í að verða jafn stórt og útlánasafn lífeyrissjóða landsins til einstaklinga. Sjóðurinn þjóni 20.000 námsmönnum og 30.000 greiðendum. Umfang LÍN hafi aukist jafnt og þétt undanfarin ár, sérstaklega þó á síðustu fjórum árum en þá hafi útlánasafn sjóðsins aukist um 55%. Árlegar lánveitingar hafi aukist um 45% en fjöldi umsækjenda um 14%. Þessari aukningu hafi verið mætt með áherslu á skilvirkni og sjálfvirkni, endurskoðun ferla og öflugra innra eftirliti. Þá kemur fram að auknar kröfur frá viðskiptavinum sjóðsins, stjórnarsýslunni og almenningi geri það að verkum að álag á framkvæmdastjóra og starfsmenn sjóðsins hafi aldrei verið meira. Þegar horft sé til umfangs starfseminnar og mikilvægis stofnunarinnar í því að tryggja námsmönnum framfærslu til náms, hafi launakjör framkvæmdastjóra sjóðsins dregist aftur úr í samanburði við forstöðumenn annarra stofnana með sambærilegt hlutverk svo sem Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Með bréfum dagsettum 6. júní 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis framkvæmdastjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 21. júní 2011. Í bréfinu sagði að fjármálaráðuneytinu væri ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi LÍN hefði breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun framkvæmdastjórans að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi hans. Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytisins dagsettu 17. október 2011 er tekið undir það sem segir í erindi framkvæmdastjórans um aukið umfang starfseminnar á undanförunum misserum. Í bréfinu er rakið efni erindisbréfs fyrir framkvæmdastjóra LÍN, sem undirritað var af menntamálaráðherra 2. júlí 2009. Kemur þar meðal annars fram að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á gerð langtímaáætlunar sem endurspeglir stefnumörkun og megináherslur starfseminnar í samræmi við markmiðasetningu ráðherra og/eða stjórnar. Hann beri ábyrgð á daglegum rekstri og ráði starfsfólk, ákveði starfssvið þess í samræmi við þarfir sjóðsins og móti starfsmannastefnu hans. Hann sjái um framkvæmd þeirra mála sem stjórnin feli honum og geti komið fram út á við fyrir hönd sjóðsins. Um hlutverk stjórnar segir í erindisbréfinu að hún annist yfirumsjón með rekstri lánasjóðsins, tryggi samfellu og stöðugleika í rekstri sjóðsins og beri jafnframt ábyrgð á því að stefna menntamálaráðherra í málefnum hans komist til skila. Tilgreint er að stjórn lánasjóðsins fari með fjárreiður hans og

beri ábyrgð á að árlega séu gerðar áætlanir um fjármál sjóðsins, um stefnumörkun og megináherslur starfseminnar. Að endingu segir í bréfinu að þegar horft sé til umsýslu með almannafé í samanburði forstöðumanna Sjúkratrygginga Íslands, Tryggingastofnunar ríkisins og LÍN megi nefna að í fjárlagafrumvarpi 2012 sé ráðgert að veita 7,7 milljörðum króna til rekstrar sjóðsins. Heildarverðmæti þess lánasafns sem sjóðurinn annist innheimtu á nemi 150 milljörðum króna eins og rakið sé í bréfi framkvæmdastjórans. Til samanburðar sé ráðgert að veita tæplega 490 milljónum króna til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands og ríflega einum milljarði króna til rekstrar Tryggingastofnunar ríkisins. Verði því ekki annað séð en að þeir fjárhagslegu hagsmunir ríkissjóðs sem framkvæmdastjóri LÍN fer með séu síst minni en hagsmunir sem forstöðumenn Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins fara með.

Framkvæmdastjórinn fékk send svör ráðuneytanna til kynningar. Jafnframt var honum með bréfi dagsettu 14. október 2011 gefinn kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum. Í bréfi framkvæmdastjórans til kjararáðs dagsettu 24. október 2011 segir að síðast hafi verið úrskurðað sérstaklega um launakjör framkvæmdstjóra LÍN á árinu 1999. Frá þeim tíma og fram til ársins 2010 hafi útlánasafn sjóðsins um það bil þrefaldast, framlag ríkisins hafi rúmlega þrefaldast, heildarútlán tæplega fjórfaldast og fjöldi umsækjenda um það bil tvöfaldast. Einnig hafi starfsmönnum fjölgað úr 22 í 28. Þessi aukning í umfangi sjóðsins hafi kallað á ný vinnubrögð þar sem skilvirkni og hagræðing hafi verið höfð að leiðarljósi. Með öflugri rafrænni þjónustu hafi tekist að sinna þessu aukna umfangi án þess að fjölga starfsmönnum enn frekar. Framkvæmdastjóri sjóðsins þurfi að búa yfir mikilli þekkingu og hafa mjög góða yfirsýn yfir alla þætti starfseminnar. Erindisbréf frá árinu 2009 staðfesti enn frekar þær auknu kröfur sem gerðar séu til framkvæmdastjóra LÍN.

### III.

Lánasjóður íslenskra námsmanna starfar samkvæmt lögum nr. 21/1992 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að tryggja þeim sem undir lögin falla tækifæri til náms án tillits til efnahags. Fjallað er um skipan og hlutverk stjórnar sjóðsins í 4. og 5. gr. laganna. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Í erindisbréfi fyrir framkvæmdastjóra LÍN sem mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði 2. júlí 2009 er fjallað nánar um störf og ábyrgð framkvæmdastjóra sjóðsins.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun framkvæmdastjóra LÍN, en kjaranefnd ákvað honum laun 24. ágúst 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Kjararáð telur að þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi LÍN síðan framkvæmdastjóra sjóðsins voru síðast ákvörðuð laun, og lýst er í II. kafla hér að framan, gefi tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launa

var höfð hliðsjón af launakjörum forstjóra Sjúkratrygginga Íslands og forstjóra Tryggingastofnunar.

Með ákvörðun kjararáðs 21. desember 2011 breyttust laun þeirra sem undir kjararáð heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 og tók sú ákvörðun gildi 1. október 2011.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra LÍN skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2011 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 790.919 krónur.

Frá 1. júní 2011 til 30. september 2011 skal að auki greiða framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna 12 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal að auki greiða framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, nú 6.473 krónur.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson